

Þriðjudaginn 30. júní 1992.

Nr. 258/1992. **Protabú Sjófisks sf.**

gegn

**Reyni Ólafssyni.**

Kærumál. Gjaldþrotalög. Frávísun frá héraðsdómi. Aðfinnslur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júní sl. samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kæran ásamt gögnum barst réttinum 16. s. m.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Frá varnaraðila hefur ekki borist greinargerð í kærumálinu.

Þegar virt eru atvik málsins, sem rakin eru í hinum kærða frávísunardómi, verður að líta svo á, að bústjóri hafi átt þess nægan kost fyrir 14. apríl 1991 að kynna sér nauðsynleg gögn til að geta metið lagaskilyrði fyrir höfðun riftunarmáls. Verður því að líta svo á, að sex mánaða frestur til málshöfðunar samkvæmt 1. mgr. 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 hafi verið liðinn, er stefna í máli þessu var birt 14. október 1991.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm um annað en málskostnað, sem ákveðst 40.000 krónur. Á kærumálskostnað reynir ekki í máli þessu.

Það athugast, að engar skýringar hafa komið fram á því, hvers vegna auglýstur skiptafundur 14. mars 1991 var ekki haldinn. Þar sem ekki varð af því og látið var hjá líða að auglýsa síðari skiptafundi, kom ekki til þess, að skiptastjóri yrði kosinn, sbr. 90. gr. gjaldþrotalaga. Af þessu leiddi og, að eigi reyndi á ákvörðunarvald skiptafundar um höfðun riftunarmáls, sbr. 4. mgr. 96. gr. laganna. Í greinargerð sóknaraðila kemur fram, að bústjóri hafði ekki samráð við kröfuhafa utan skiptafundar um höfðun riftunarmáls, og eigi verður séð, að hann hafi borið ákvörðun sína um það undir

skiptaráðanda, sbr. 1. mgr. 93. gr. og 105. gr. in fine laganna. Þessa annmarka á málsmeðferð verður að átelja.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávisunardómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, þrotabú Sjófisks sf., greiði varnaraðila, Reyni Ólafssyni, 40.000 krónur í málskostnað í héraði.

### Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 20. maí 1992.

1. Með stefnu, birtri 14. október 1991, höfðaði Vilhjálmur Þórhallsson hrl., skiptastjóri í þrotabúum Sjófisks sf., kt. 520687-1149, Keflavík, Ólafs Arnbjörnssonar, kt. 220257-3399, Blikabraut 8, Keflavík, Sveinbjörns Bjarnasonar, kt. 180457-0039, Hátúni 20, Keflavík, og Jóhanns L. Arasonar, kt. 080457-3839, Hringbraut 136 E, Keflavík, mál „fyrir hönd þrotabúsins“ gegn Reyni Ólafssyni, kt. 080648-4569, viðskiptafræðingi, Heiðarbakka 1, Keflavík.

Stefnukröfur eru þessar: 1) að rift verði með dómi greiðslu skuldar stefnanda við stefnda, að fjárhæð 1.167.425 kr., með afhendingu Baader-188-flökunarvélar nr. 880177, Baader-421-hausara nr. 042107015 og Oddgeirs-hausara HC 1988-22, 6. nóvember 1989, 2) að stefndi verði dæmdur til þess að endurgreiða stefnanda 1.167.425 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. nóvember 1989 til greiðsludags, 3) að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Í þinghaldi 31. mars sl. varð að samkomulagi, að heiti málsins skyldi vera: Þrotabú Sjófisks sf. gegn Reyni Ólafssyni. Felur það jafnframt í sér samkomulag um breytingu sóknaraðildar.

Af hálfu stefnda eru í greinargerð þessar dómkröfur gerðar:

aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnda verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Til þrautavara er þess krafist, komi til þess, að rift-unarkrafa nái fram að ganga og með endurgreiðslukrafa og/eða skaða-

bótakrafa stefnanda, að kröfufjórðingur verði lækkuð og verði aldrei hærrí en 774.009,00 kr., og jafnframt, að upphafsdagur vaxta verði 14.10. 1991 eða við birtingu stefnu í málinu, svo og, að málskostnaður verði í því tilvikum felldur niður.

Að loknum munnlegum málflutningi um aðalkröfu stefnda 24. f. m. var málið tekið til dóms eða úrskurðar. Dómkröfur stefnda eru þær, að málinu verði vísað frá dómi, sér verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Stefnandi gerir þær kröfur, að frá-vísunarkröfu verði hafnað og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnda, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

2. Stefndi er viðskiptafræðingur að mennt og rekur fyrirtæki í Njarðvík, sem heitir Skattskýrslan sf. og veitir m. a. aðstoð við bókhald og uppgjör og gerð skattframtala. Allt frá stofnun Sjófisks sf. árið 1987 fram til ársins 1990 annaðist stefndi reikningslega aðstoð fyrir félagið. Á haustmánuðum 1989 kom til uppgjörs milli stefnda og Sjófisks sf. á ógreiddum reikningum vegna starfa stefnda. Samkomulag varð með aðilum um kaup stefnda á tækjum, sem urðu Sjófiski sf. óþörf vegna breyttra vinnsluáðferða, en þau eru tilgreind í stefnu. Kaupsamningur er undirritaður 6. nóvember 1989. Heildarkaupverð var 1.400.000 kr., greitt með peningum 232.575 kr., með viðskiptaskuld og með því að greiða upp skuldabréf, sem Sjófiskur sf. hafði gefið út til stefnda vegna vinnu hans.

Sameignarfélagið Sjófiskur, eign Ólafs Arnbjörnssonar, Sveinbjörns Bjarnasonar og Jóhanns L. Arasonar, var skráð í firmaskrá Keflavíkur 11. júní 1987. Með bréfi, dags. 27. júní 1990, óskuðu nefndir eigendur eftir því við skiptaráðandann í Keflavík, að bú Sjófisks sf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta sem og bú þeirra sjálfra. Beiðnin var tekin fyrir næsta dag í skiptarétti Keflavíkur, og með úrskurði, upp kveðnum 20. nóvember 1990, voru bú framangreindra aðila tekin til gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt innköllun, út gefinni 24. nóvember 1990, var auglýst, að: „Skiptafundur verður haldinn í dómsal embættisins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, fimmtudaginn 14. mars kl. 11 1991. Á skiptafundinum verður lögð fram skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúinu og ákvarðanir teknar um málefni, sem búið varða, þ. m. t. kosningu skiptastjóra, svo og um höfðun riftunarmála, ef því er að skipta.“ Um fund þennan er ekki bókað. Kröfufýsingarfresti lauk 27. febrúar 1991, og þann dag var Vilhjálmur Þórhalsson hæstaréttarlögmaður ráðinn bústjóri til bráðabirgða samkvæmt upplýsingum hans.

Fyrsti bókaði skiptafundur í þrotabúunum er haldinn 23. apríl 1991, án þess að fram komi, að hann hafi verið auglýstur í samræmi við 2. tl. 96.

gr. laga nr. 6/1978 eða til hans boðað á annan hátt, og verður að álykta, að hann hafi verið ákveðinn af skiptaráðanda á skiptafundi 14. mars. Vilhjálmur Þórhallsson hrl. var skipaður skiptastjóri á fundi þessum, sem var frestað til 21. maí s. á. Á þeim fundi var lögð fram kröfulýsingarskrá og fundi frestað til 2. júlí s. á. Þá var lögð fram „skýrsla bústjóra“ og fundi frestað til 10. september s. á. Á þeim fundi fékk hæstaréttarlögmaður afhent bókhald Sjófisks sf. til rannsóknar vegna krafna umbjóðanda síns og fundinum frestað til 22. október. Um frekari bókanir er ekki að ræða. Á engum bókaðra skiptafunda var tekið fyrir að ákveða höfðun riftunarmála.

Skýrslur í skiptarétti vegna gjaldþrotanna voru teknar af aðilum og vitnum í maí og júní 1991. Af stefnda var skýrsla tekin 3. maí. Vilhjálmur Þórhallsson hrl. var þar bókaður mættur sem skipaður bústjóri til bráðabirgða.

3. Stefndi styður kröfu sína um frávisun málsins þeim rökum, að frestur til höfðunar riftunarmáls samkvæmt 68. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 103. gr. laga nr. 85/1936, hafi verið liðinn, er málið var höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur með birtingu stefnu 14. október 1991.

Af hálfu stefnanda er fært fram, að á atvik málsins hafi fyrst verið varpað ljósi við skýrslutökurnar í maí 1991. Bókhaldsgögn hafi ekki verið afhent fyrr en í byrjun júnímánaðar s. á. og verið óaðgengileg. Vitanlega hafi þurft umtalsverða gagnaöflun, áður en skýrslutökur fóru fram. Þá hafi fjármunir ekki fundist til þess að láta löggiltan endurskoðanda athuga bókhaldið.

4. Málshöfðunarfrestur samkvæmt 1. tl. 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 er ákvarðaður af tilliti til hagsmuna viðsemjanda þrotamanns og öryggis viðskiptalífs.

Það er regla íslensks réttar, sbr. H. 1988, 590, að upphaf sex mánaða málshöfðunarfrests til að koma fram riftun samkvæmt 68. gr. gjaldþrotalaga teljist vera sá dagur, er kröfulýsingarfresti lauk, eða síðari dagur, ef sérstök tilvik leiða til þess, að sá, sem með skipti fer, á þess þá fyrst kost að gera riftunarkröfuna.

Í máli þessu eru þær einar dagsetningar, sem til álita koma í þessu efni, 27. febrúar 1991, er kröfulýsingarfresti lauk, og 14. mars s. á., er löglega auglýstur fundur skyldi haldinn eða var haldinn til að taka ákvörðun um höfðun riftunarmála. Með vísan til ákvæða XII. og XIII. kafla gjaldþrotalaga um starfsskyldur skiptaráðanda og bústjóra/skiptastjóra eru ekki efni til þess, að skýrslutökur og haldlagning bókhaldsgagna eftir tilgreind tíma-mörk skuli marka upphafsdag málshöfðunar.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er fallist á kröfu stefnda um að vísa málinu frá dómi. Þá er fallist á kröfu hans um málskostnað, sem ákveðst 120.000 kr., ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, þrotabú Sjófisks sf., greiði stefnda, Reyni Ólafssyni, málskostnað, 120.000 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

---